

## Til kaupenda Heimis.

---

Með þessu blaði er sjötta árgangi Heimis lokið. Nokkur dráttur hefir orðið á útkomu blaðsins í sumar, sem að mestu leyti hefir stafað af annríki prentaranna. Þann drátt eru kaupendurnir beðnir að fyrirgefa. Framvegis mun verða reynt af fremsta megni að láta blaðið koma út á réttum tíma.

Um leið og útgáfunefndin þakkar öllum þeim, sem hafa borgað blaðið fyrir skilvísina, og sömuleiðis öllum þeim, sem á einhvern hátt hafa hlynt að útbreiðslu þess, vill hún vinsamlegast mælast til þess, að þeir sem nú skulda því, reyni sem fyrst að standa í skilum. Frá fjárhagslegu sjónarmiði er ekki um annað hugsað en að reyna að láta blaðið bera sig, en til þess að það geti það þurfa allir kaupendur þess að borga það.

Treystandi því að menn sjái þetta byrjum vér sjöunda árganginn og munum gera oss alt far um að gera hann eins vel úr garði og oss er framast unt.

---

## Tvö smákvæði.

EFTIR GOETHE.

---

Í fjarlægð

---

Ertu burtu farin frá mér?  
Flúðir þú mig snótin blíða?  
Ennþá hljóma í eyrum mínum  
orð þitt hvert, og röddin þýða.

Eins og þá um árdags stundu  
augum rennir ferðamaður,  
er hátt í bláum himingeimi  
hulinn, syngur fuglinn glaður: